Hafnarfjarðarkaupstaður
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 HAFNARFIRÐI

Reykjavík 18. nóvember 2013

**Efni: Innkomuvöktun Securitas** með myndavélum sem stuðningur við löggæslu.

Securitas tók þátt í fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna sem haldin var á hótel Nordica 3. og 4. október sl. Á ráðstefnunni kynntum við vöruúrval Securitas og nýungar sem henta opinberum aðilum sérstaklega. **Innkomuvöktun Securitas** er ein af þessum nýju lausnum. Kerfið samanstendur af myndavélum sem settar eru við bæjarmörk sveitarfélaga ásamt valkvæmum greiningarhugbúnaði til að skrá og halda utan um fastanúmer ökutækja sem aka inn og út úr bæjarfélaginu jafnt að nóttu sem degi.

Líkt og aðrar öryggisráðstafanir hefur **Innkomuvöktun Securitas** mikið forvarnargildi. Ef atvik gerast sem varða við lög, þá getur lögregla farið yfir upptökur og kannað hvaða ökutæki voru á ferð á tengdu tímabili. Þetta hjápar til við úrlausn mála og dregur úr tíðni afbrota.

Fjöldi myndavéla og umfang verkefnisins ræðst af aðstæðum á hverjum stað en yfirleitt er miðað við að búnaður sé settur upp á bæjarmörkum hjá smærri sveitarfélögum en á hverfamörkum hjá stærri sveitarfélögum.

Með þessu bréfi erum við að óska eftir fundi þar sem sérfræðingar Securitas fara yfir útfærslu og kostnað við innleiðingu á **Innkomuvöktun Securitas** hjá ykkur. Ennfremur er upplagt að nota sama tækifæri til að ræða öryggismál almennt, hvað önnur sveitarfélög eru að gera um þessar mundir og hvernig Securitas getur orðið ykkur að liði.

*Sjá jafnframt meðfylgjandi ítarefni.*

Kær kveðja,

**Þórður Ingason**
Öryggisstjóri – Viðskiptastjóri
Sími 5807011
GSM8600660 *thordur@securitas.is*

Hafnarfjarðarbær
Innk: 19.11. 2013
Málsnr: 13/1287
Bréfal: 810